

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

30. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILID 2022-2026

Árið 2025, föstudaginn 14. febrúar kl. 8:30, var haldinn 30. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Dagbjört Hjaltadóttir, Jónas Ólafur Skúlason, Eiríkur Valgeir Scott, Aníta Björk Pálínudóttir og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum, að gættri fundarboðun, að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 30. fund sveitarstjórnar
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
Sveitarstjórn leggur til að sett verði upp upplýsingaskilti við ytra þorpið þar sem vakin er athygli á því að mannskætt snjóflóð hafi fallið þar 1995 og hver leyfileg dvöl er í þeirri byggð. Farið yrði í verkefnið um leið og aðrar merkingar verða skoðaðar í Súðavík.
2. Fundargerð 15. fundar fræðslu-, tólstuda-, menningar- og kynningarnefndar 11.2.2025
Sveitarstjóra falið að hafa samband við BSI vegna tilboðs og fara yfir þá liði sem eru í tilboði. Sveitarstjórn leggur til styrk til Knattspyrnudeildar Vestra verði 330 þúsund á ári til þriggja ára, með vísan til innsends erindis.
Sveitarstjórn skipar þriggja manna nefnd sem finnur lausn á aðstöðu fyrir líkamsrækt. Nefndin leggur til fund með skólastjóra um aðstöðu.
Fundargerð staðfest með vísan til þeirra bókana sem fylgja.
3. Fundargerð 5. Fundar atvinnu- og landbúnaðarnefndar 10.2.2025
Fundi frestað.
4. Fundargerð 44. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 12.2.2025
Fundargerðin staðfest án athugasemda.
5. Byggðakvóti Súðavíkur 2024/2025
Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps leggur til eftirfarandi skiptingu byggðakvóta (90 tonn):
 - a. Frístundaveiðibátar 50 tonn
 - b. Krókaflamarksbátar skráðir í Súðavík 21 tonn
 - c. Skip og bátar yfir 100 brl 19 tonn tengd vinnsluaðila*Sérreglur taki mið af úthlutun ársins 2024 að teknu tilliti til ábendinga Fiskistofu og ráðuneytis. Löndunarskylda verði í Súðavík.*
6. Fundargerðir og erindi til staðfestingar og kynningar:
 - a. 468. fundur Hafnarsambands Íslands 6.12.2024
 - b. 469. fundur Hafnarsambands Íslands 24.1.2025


DA.

- c. 65. fundur stjórnar Vestfjarðastofu 29.1.2025
- d. 960.,961. og 962. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - fundargerðir
- e. 960. Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 13.12.2024
- f. 963. Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 31.1.2025

Fundargerðir kynntar og ræddar.

Fleira ekki gert.


Fundi slitið kl. 11:20



Bragi Þór Thoroddsen




Dagbjört Hjaltadóttir



Eiríkur Valgeir Scott



Aníta Björk Pálinudóttir



Jónas Ólafur Skúlason varaoddviti